

Fjárhagsstaða Bolungarvíkur

Kynning 25. maí 2009 Fjárhagsáætlun 2009

Aðgerðaáætlun í fjármálum

Yfirlit

- ▶ Umhverfið og staðan fyrir einu ári
- ▶ Þriggja ára áætlun – ramminn
- ▶ Samningur við EMFS í okt. 2008
- ▶ Fjárhagsáætlun 2009
- ▶ Hvernig á að rétta kúrsinn
- ▶ Aðgerðaáætlun
- ▶ Rekstraryfirlit nokkurra ára
- ▶ Úr ársreikningi 2008

Umhverfið – ástandið

Um áramót 2007 – 2008

- ▶ Mikið tap á rekstri 2007 en hagnaður var á rekstrinum á árinu 2006
- ▶ Skammtímaskuldir úr 118m 2006 í 162m 2007
- ▶ Veltufjárhlutfall fer úr 1,55 í 0,7 (þegar veltufjárhlutfall fyrir niður fyrir 1,0 má búast við að ekki sé hægt að greiða reikninga á tíma.

Í apríl 2008

- ▶ Ljóst að árið 2008 verður mjög slæmt, sérstaklega vegna hárrar verðbólgu og þ.a.l. mikilla fjármagnsgjalda.
- ▶ 2008 – Tapið fyrstu 4 mánuðina 83 mkr. (þar af 60 mkr. fjármagnskostn.)
- ▶ 2008 – Tap næstu 4 mánuði 40 mkr. (þar af 45 mkr. fjármagnskostn.)

Þriggja ára áætlun – rammi

- ▶ Þriggja ára áætlun sem unnin var strax í sumar setti ramma um þann árangur sem þyrfti að ná til að reksturinn gengi upp til lengri tíma litið.
- ▶ Eina leiðin út úr vandanum er að reksturinn skili hagnaði. Það gerist með því að:
- ▶ Eyða minna en við öflum – en
- ▶ Við þurfum líka að geta greitt af lánum, lækkað höfuðstólinn og helst skuldbreytt í hagstæðari lán

Umhverfið – ástandið

Í ágúst 2008

- ▶ 2008 – Samtals tap fyrstu 8 mán. 122 mkr. (þar af 105 mkr. fjármagnsk.)
- ▶ Reksturinn við það að stöðvast vegna lausafjárskorts, yfirdráttur fullnýttur – vel á annað hundrað milljónir !
- ▶ Bolungarvík sækir um lán í Lánasjóði sveitarfélaga (120m), leggur fram þriggja ára fjárhagsáætlun, sem er lykilinn að því að lánið fæst afgreitt að hluta (70 m), munnlegt vilyrði fékkst í lok september.

Í okt 2008

Mikil breyting í efnahagslífi

- ▶ Erfitt að ná í lánsfé en lánsloforð komið frá Lánasjóði í sept.
- ▶ Bolungarvíkurkaupstaður gerir samning við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga 7. okt. 2008.
- ▶ Búum okkur undir að tap 2008 verður verulegt – fjármagnskostnaður langt á annað hundrað mkr.

Samningurinn

Þann 7. október sl. undirritaði Bolungarvíkurkaupstaður samning við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EMFS). Markmið samningsins er að stöðva hallarekstur og skuldasöfnun, bæta eiginfjárstöðu og styrkja rekstrargrundvöll sveitarfélagsins til framtíðar. Í samningnum er stefnt að því að þessi markmið náist á eftirfarandi hátt:

- ▶ Með endurskipulagningu í fjármálum og eignastýringu
- ▶ Niðurgreiðslu skulda
- ▶ Aðhaldi og hagræðingaraðgerðum í rekstri sveitarsjóðs.

Í framhaldi af undirritun samningsins var hafist handa við víðtæka endurskoðun á rekstri sveitarfélagsins. Segja má að kafað hafi verið ofan í alla rekstrarþætti og leitað leiða til sparnaðar og hagræðingar. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 tekur mið af þeim tillögum sem eru niðurstaða þeirrar vinnu.

Desember

16. desember – Fyrstu drög að fjárhagsáætlun sem gerðu ráð fyrir talsvert minni sparnaðaraðgerðum og minni hækkun útsvars en raun varð á síðar, kynnt fyrir Eftirlitsnefnd.

- ▶ EMFS hafnaði alfarið þeirri leið og sagði í bréfi til bæjarstjórnar dags. 18. desember:

“Áætlunin gerð ráð fyrir verulegum halla á rekstri ársins og var hún í heild sinni, að mati eftirlitsnefndar, langt frá því að vera fullnægjandi miðað við markmið um að jöfnuði verði náð eigi síðar en á árinu 2010.”

Þá segir einnig í bréfinu :

“Á fundi eftirlitsnefndar þann 17. desember var nánar fjallað um stöðu sveitarfélagsins í ljósi framlagðra upplýsinga. Jafnframt var upplýst að Lánasjóður sveitarfélaga mun ekki veita frekari lán á grundvelli sömu upplýsinga, auk þess sem sjóðurinn boðar að leitað verði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga varðandi greiðslu vanskila sveitarfélagsins við sjóðinn”

(Lánasjóðurinn hefur veð í tekjum sveitarfélagsins og gat þannig náð í greiðslur vegna vanskila beint í Jöfnunarsjóð og tekið þar af framlögum til Bolungarvíkur)

- ▶ Þetta þýðir á mannamáli að sveitarfélagið hefði ekki getað greitt út laun 1. janúar sl. nema með einhverskonar neyðaraðstoð.

Desember – janúar

19. desember (föstudag) kemur sérfræðingur á vegum EMFS vestur. Bæjarstjóri, fjármálastjóri og bæjarfulltrúar meirihlutans vinna nýja áætlun sem lögð var fyrir bæjarráð á mánudagsmorgni 22. desember. Þar var m.a. búið að setja fram tillögu um 5% álag á útsvar ásamt talsverðum hækkunum á gjaldskráum auk tillagna um mikinn sparnað. Áætlunin var lögð fyrir fund hjá EMFS, sem einnig fundaði með fulltrúum Lánasjóðs sveitarfélaga. **Niðurstaða fundarins var sú að enn væri ekki nóg að gert og m.a. þyrfti að hækka álag á útsvar í 10% auk meiri sparnaðar.**

Á milli jóla og nýárs voru allar helstu áherslur og tillögur kynntar fyrir þeim bæjarfulltrúum bæði meiri- og minnihluta sem ekki sitja í bæjarráði, með fundum á skrifstofu bæjarstjóra.

7. janúar voru tillögur um viðbótaraðgerðir lagðar fram í bæjarráði og samþykkti meirihluti bæjarráðs tillögurnar.

13. janúar voru drög að fjárhagsáætlun kynnt. Drögin fóru einnig til EMFS til yfirferðar.

Hvernig ætlum við þá að rétta kúrsinn

Aðgerðirnar eru þríþættar. Við getum ráðið mestu um fyrstu tvo þættina, en varðandi þriðja þáttinn þá lögðumst við á Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um leiðréttingu.

1. Tekjuaukning
2. Sparnaður og ráðdeild í rekstri – lækkun útgjalda.
3. Efnahagur – fjármagnskostnaður – skuldalækkun

Tekjuaukning

- Hækkun útsvars – aukaálag
- Hækkun fasteignagjalda
- Hækkun þjónustutekna
- Sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði (ekki á færi sveitarstjórnar, en fæst með samningi við EMFS)

Áhrif álagningar 10% aukaútsvars í Bolungarvík á tekjur á árinu 2009 á launþega

Álagið greiða launþegar ekki á árinu 2009, heldur í ágúst til desember árið 2010

Aukaútsvarið greiðist í ágúst til desembermánuði 2010

Árslaun	Mánaðarlaun	Greitt	Greitt	Greitt	Greitt	Greitt	Samtals greitt 2010
		1. ágúst 2010	1. sept 2010	1. okt. 2010	1. nóv 2010	1. des 2010	
1.000.000	83.333	-	-	-	-	-	-
1.500.000	125.000	4.349	4.349	4.349	4.349	4.349	21.744
2.000.000	166.667	5.798	5.798	5.798	5.798	5.798	28.992
2.500.000	208.333	7.248	7.248	7.248	7.248	7.248	36.240
3.000.000	250.000	8.698	8.698	8.698	8.698	8.698	43.488
3.500.000	291.667	10.147	10.147	10.147	10.147	10.147	50.736
4.000.000	333.333	11.597	11.597	11.597	11.597	11.597	57.984
4.500.000	375.000	13.046	13.046	13.046	13.046	13.046	65.232
5.000.000	416.667	14.496	14.496	14.496	14.496	14.496	72.480
5.500.000	458.333	15.946	15.946	15.946	15.946	15.946	79.728
6.000.000	500.000	17.395	17.395	17.395	17.395	17.395	86.976
6.500.000	541.667	18.845	18.845	18.845	18.845	18.845	94.224
7.000.000	583.333	20.294	20.294	20.294	20.294	20.294	101.472
7.500.000	625.000	21.744	21.744	21.744	21.744	21.744	108.720

Áætluð hækkun tekna 2009 frá áætlun 2008

Tekjur	Hækkun
Útsvarshækkun vegna aukaálags	30,0 mkr.
Útsvarshækkun önnur en aukaálag (fjölgun)	21,0 mkr.
Fasteignaskattur	4,4 mkr.
Hækkun Jöfnunarsjóðs	4,7 mkr.
Sorphreinsun	1,9 mkr.
Sorpeyðing	1,9 mkr.
Breyting ýmissa styrkja og endurgreiðslna	(5,4 mkr)
SAMTALS	58,5 mkr

Tekjuaukning B-fyrirtækja 2009 m.v. áætlun 2008

Félagslegar íbúðir – tekjuhækkun	3,1 mkr.
Félagslegar íbúðir (Jöfnunarsjóður)	66,0 mkr.
Hafnarsjóður (aukning umfram kostnað)	7,3 mkr.
Vatnsveita	3,8 mkr.
Fráveita	3,5 mkr.
Samtals B fyrirtæki	70,6 mkr.
Samtals A og B fyrirtæki	129.1 mkr.

Sparnaður – lækkun útgjalda.

- ▶ Launalækkun
- ▶ Minni innkaup vöru og þjónustu
- ▶ Fækkun stöðugilda
- ▶ Samningar við þjónustuaðila endurskoðaðir
- ▶ Samdráttur í þjónustu sem ekki er lögbundin
- ▶ Frestun framkvæmda

Launalækkun

- ▶ Bæjarfulltrúar og fulltrúar í nefndum lækka um 20%
- ▶ Bæjarstjóri lækkar um 10%

Innkaup á vöru og þjónustu

- ▶ Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að vöru og þjónustukaup hækki einungis um 5% á sama tíma og verðbólga er yfir 15%. Raunverulegt markmið er þá sparnaður um 10%.
- ▶ Þjónustusamningar endurskoðaðir

Fækkun stöðugilda

- ▶ Grunnskóli
- ▶ Leikskóli
- ▶ Tónlistarskóli
- ▶ Áhaldahús / eignasjóður
- ▶ Félagspjónusta
- ▶ Yfirstjórn/skrifstofa
- ▶ Íþróttamiðstöð

Stöðugildum fækkar á öllum þessum stöðum, samtals er fækkunin nálægt 11 stöðugildum eða u.þ.b. 15%. Þar er um að ræða uppsagnir ásamt starfsmannaveltu þar sem ekki er ráðið í stöðugildi sem losna.

Samdráttur í þjónustu og framkvæmdum

- ▶ Stytting opnunartíma gámastöðvar
- ▶ Stytting opnunartíma sundlaugar
- ▶ Stytting opnunartíma leikskólans
- ▶ Þak á nemendafjölda í tónlistarskóla
- ▶ Kennslumagn í grunnskóla minnkað niður í það sem lögbundið er
- ▶ Dregið úr snjómokstri
- ▶ Seinkun framkvæmda við FHB

Áhrif af sparnaðaraðgerðum í samanburði við það að engu hefði verið breytt (1)

Stofnun		Á ársgrundvelli
Grunnskóli		8,4 mkr.
Leikskóli		7,1 mkr.
Tónlistarskóli (þak á nem. fj.)		5,4 mkr.
Áhaldahús og eignasjóður		9,3 mkr.
Íþróttamiðstöð		8,3 mkr.
Lækkun pen. styrkja + færri íþr. tímar		3,5 mkr.
Félagsþjónusta		3,0 mkr.
Brunamál		2,8 mkr.
Viðhald gatna og stíga		4,1 mkr.

Áhrif af sparnaðaraðgerðum í samanburði við það að engu hefði verið breytt (2)

Stofnun		Á ársgrundvelli
Snjómokstur		2,0 mkr.
Bæjarstjóri – bæjarstjórn – nefndir		3,2 mkr.
Tjaldsvæði		2,5 mkr.
Skipulags og byggingamál		3,4 mkr.
Umhverfismál		2,2 mkr.
Skrifstofa		5,0 mkr.
Ósvör – frestun framkvæmda		5,0 mkr.
Annað		2,3 mkr.
SAMTALS		77,5 mkr.

Aðgerðir sem unnið hefur verið að í samstarfi við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga EMFS

Aðgerð	Upphæð
Niðurfelling lána hjá Íbúðalánasjóði	73 mkr.
Frysting lána hjá Íbúðalánasjóði	73 mkr.
Vaxtaleiðrétting hjá Sparisjóði Bolungarvíkur	15 mkr.
Framlag Jöfnunarsjóðs	67 mkr.
SAMTALS	228 mkr
Afgreiðsla lánsloforðs frá Lánasjóði sveitarfélaga	50 mkr.
Nýtt lán frá lánasjóði sveitarfélaga	90 mkr.
SAMTALS	140 mkr.

Efnahagur – fjármagnskostnaður

▶ Niðurfelling lána og framlög

- Íbúðalánasjóður niðurfelling 73 mkr.
- Íbúðalánasjóður frysting lána 73 mkr.
- Sparisjóður Bolungarvíkur 15 mkr.
- Framlag jöfnunarsjóðs 67 mkr.

SAMTALS

228 mkr.

▶ Ný lántaka til uppgreiðslu óhagstæðra lána og fjárfestinga

- Afgreiðsla á seinni hluta láns frá Lánasj. 50 mkr.
- Nýtt lán frá Lánasjóði sveitarfélaga 90 mkr.


Samtals

140 mkr.

Nýr samningur við EMFS


- ▶ Þann 17. febrúar sl. var skrifað undir viðbætur við samning við EMFS sem gera ráð fyrir að ná rekstrarútgjöldum enn frekar niður eða um 5% frá því sem ráð var fyrir gert í áætlun fyrir árið 2010. Endanleg útfærsla liggur ekki fyrir. Bæjaryfirvöld reikna hinsvegar með að þar verði m.a. teknar inn almennar aðgerðir sem sveitarfélögin vinna að á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga, en þar hafa m.a. verið uppi hugmyndir um að launþegar taki launalaust frí sem samsvari allt að einum degi í mánuði. Það jafngildir u.þ.b. 5% sparnaði í launakostnaði.

Bolungarvíkurkaupstaður tekjur A- og B-hluta




Hlutfallsleg skipting tekna

Heildartekjur A – og B – hluta




Launakostnaður

■ Áætlun ■ Rauntölur




Annar rekstrarkostnaður

■ Áætlun ■ Rauntölur




Áætlun 2009

Útgjöld í milljónum króna í samanburði við heildarvaxtagjöld sveitarfélagsins




Áætlun 2009



A og B hlutasjóðir


Heildartekjur Bolungarvíkurkaupstaðar 2002 – 2008

[þús. króna]




A og B hlutasjóðir – ársreikningur 2008

Rekstrarafkoma án lífeyrisskuldbindinga,
óreglulegra liða, afskr. og fjármagnsk. [þús. kr]




A – hluta sjóður – ársreikningur 2008

Fræðslumál – launavísitala




A – sjóður – ársreikningur 2008

Veltufé frá rekstri samtals




B – hlutasjóður – ársreikningur 2008

Félagslegar íbúðir – rekstrar- og fjármagnskostnaður [þús. kr]




B – hlutasjóður – ársreikningur 2008

Hafnarsjóður – rekstrar- og fjármagnskostn. [þús. kr]



B – hlutasjóður – ársreikningur 2008

Hafnarsjóður – hagnaður [þús. kr]



Að lokum – í stuttu máli

Við höfum undirritað samning um :

- ▶ Endurskipulagningu í fjármálum
- ▶ Niðurgreiðslu skulda.
- ▶ Aðhald og hagræðingu í rekstri.

Bæjarstjórn hefur sett fram aðgerðaáætlun sem miðar að því að þessi markmið náist og árið 2010 verði bæjarsjóður rekinn með hagnaði og geti staðið við afborganir langtímalána. Við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu er því ástæða til ákveðinnar bjartsýni í Bolungarvík þrátt fyrir allt.

